STRB
STARFSMANNAFÉLAG REYKJANESBÆJAR
K.t. 411087-2559 sími 421 2959 Hafnargötu 37 A 230 Keflavík

Reykjanesbæ, 12.12.1996.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Vilhjálmur Egilsson, formaður
Alþingi
105 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 121/543
komudagur 17/12 1996

Félagið hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins. Frumvarp þetta er niðurstaða af viðræðum milli fulltrúa heildarsamtaka opinberra starfsmanna og fjármálaráðuneytis. Hefur félagið fylgst með gangi þessara viðræðna á vettvangi BSRB.

Það er mat félagsins að frumvarpið sé ásættanleg niðurstaða, einkum í ljósi þess að heildarréttindi hins nýja kerfis eru jafnverðmæt gildandi réttindum, samkvæmt tryggingafræðilegu mati, að viðbættum réttindum vegna viðbótargreiðslna sjóðfélaga vegna yfirvinnu o.fl.

Miklvægt er að sjóðfélögum verði sem áður gert kleift að vera í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Félagið mun fylgjast með athygli með framgangi málsins á Alþingi og um kröfugerð vegna kjarasamninga nú, sem áður, gera ráð fyrir heildarverðmæti lífeyrisréttinda verði óskert.

Starfsmannafélag Reykjanesbæjar

Hólmar Magnússon

Hólmar Magnússon, formaður.